

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um aðgengi
hreyfihamlaðra að sund- og baðstöðum.

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Hvaða fyrirmæli í lögum og reglum gilda um aðgengi hreyfihamlaðra að sund- og baðstöðum og baðstöðum í náttúrunni? Hvernig er þeim fyrirmælum framfylgt?
2. Hvaða staðir teljast vera baðstaðir í náttúrunni?
3. Hvaða staðir teljast til sund- og baðstaða?
4. Er heimilt að veita undanþágur um aðgengi hreyfihamlaðra að sund- og baðstöðum eða baðstöðum í náttúrunni? Ef svo er, á hvaða grundvelli hvílir sú heimild?
5. Í hversu mörgum tilfellum á síðastliðnum fimm árum hafa heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gefið sund- og baðstöðum og baðstöðum í náttúrunni frest til úrbóta varðandi aðgengi hreyfihamlaðra? Hvernig er eftirliti Umhverfisstofnunar í því sambandi háttað gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga?
6. Er útgáfa starfsleyfa tengd aðgengi hreyfihamlaðra að sund- og baðstöðum og baðstöðum í náttúrunni?

Skriflegt svar óskast.